

AUGLÝSING

um starfsleyfi fyrir fiskeldisstöðina Snælax hf., Grundarfirði.

1. Almenn ákvæði.

- 1.1. Starfsleyfi þetta gildir fyrir framleiðslu allt að 500 tonnum af laxi og 150 tonnum af regnbogasilungi eða allt að 650 tonna ársframleiðslu. Framleiðsla þessi fer fram í hafkvíum í Grundarfirði.
- 1.2. Eigi má breyta eða auka þennan atvinnurekstur ef það getur leitt til aukinnar og/eða annarrar mengunar, nema að fengnu nýju starfsleyfi.
- 1.3. Stöðinni er skylt að sjá um, að á öllu athafnasvæði stöðvarinnar sé gætt fyllsta hreinlætis. Stöðinni ber að halda útliti sínu og umhverfi snyrtilegu.
- 1.4. Um umgengisreglur, sóttþreinsun og meðferð sýktra og sjálf dauðra fiska fer samkvæmt reglugerð nr. 403/1986 um varnir gegn fisksjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með fiskeldisstöðvum. Slátrun á eldisfiski skal fara skv. X. kafla sömu reglugerðar.
- 1.5. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 1.6. Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins geta, að höfðu samráði við umsagnaraðila, lagt til við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að starfsleyfið verði endurskoðað, ef í ljós kemur hættu á skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, heilbrigðis- eða tilveru náttúrulegra fiskstofna eða vegna röskunar á lífríki.
- 1.7. Afrit af lögbundinni árlegri skýrslu forráðenda eldisstöðva til veiðimálastjóra skal sent til Hollustuverndar ríkisins. Í henni skal koma fram: Framleiðslumagn, fóðurnotkun og fóðurgerð, vatnsnotkun, magn og gerð hreinsiefna, sóttþreinsiefna og lyfja sem notað var á árinu, auk niðurstaðna straummælinga og rannsóknna á svæðinu.

2. Ákvæði vegna kvíaeldis.

- 2.1. Sjóeldiskvíar verði vel utan almennrar siglingaleiðar um Grundarfjarðarhöfn og nánar staðsettar í samráði við hafnaryfirvöld í Grundarfirði.
- 2.2. Sjóeldiskvíar séu vel greinilegar að degi til eða merktar og í myrkri sé varúðarljós haft við þær ef þurfa þykir. Nánar ákveði hafnaryfirvöld í Grundarfirði um merkingar og varúðarljós með hliðsjón af hafnarreglugerð Grundarfjarðarhafnar.
- 2.3. Sjómælingum Íslands verði tilkynnt um nákvæma staðsetningu eldiskvíanna svo unnt sé að merkja þær inn á sjókort, ef þess er talin þörf.

3. Ákvæði vegna mengunar.

Framleiðslumagn mun aukast í stöðinni á næstu 3—5 árum í fulla stærð miðað við starfsleyfi þetta (650 tonn).

- 3.1. Fiskeldisstöðin tilkynni árlega um framleiðsluaukningu og framkvæmdir vegna þeirra (sbr. lið 1.7.).
- 3.2. Stöðin láti fara fram straummælingar í Grundarfirði innan árs frá gildistöku starfsleyfis.
- 3.3. Stöðin láti árlega kanna botninn undir og við eldiskvíarnar með sýnatöku og/eða ljósmyndum til að mæla samsöfnun og dreifingu úrgangsefna. Mengunarvörnum Hollustuverndar ríkisins verði kynntar niðurstöður athugana (sbr. lið 1.7.).
- 3.4. Þegar fullri framleiðslu er náð samkvæmt þessu starfsleyfi skal stöðin láta gera líkan af dreifingu efna og úrgangsefna frá stöðinni og láta meta áhrif þeirra á umhverfið.
- 3.5. Ef í ljós koma óæskileg mengunaráhrif vegna stöðvarinnar er stöðinni skylt að gera ráðstafanir til úrbóta þ. m. t. draga úr framleiðslu. Ráðstafanir stöðvarinnar verða að vera samþykktar og fullnægjandi að mati Mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins sem hefur samráð við Siglingamálastofnun ríkisins.

4. Gildistaka.

- 4.1. Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, sem sett er með stoð í 3. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. apríl 1987.

Ragnildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um íslensk vegabréf.

I. Vegabréfaskylda.

1. gr.

Við brottför úr landi og komu til landsins er íslenskum ríkisborgurum heimilt að fara til og koma frá Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð án þess að hafa í höndum vegabréf eða annað ferðaskilríki.

Í öðrum tilvikum skulu íslenskir ríkisborgarar hafa í höndum vegabréf er þeir fara úr landi og koma til landsins. Börn yngri en 15 ára mega þó fara úr landi og koma til landsins án þess að hafa í höndum eigið vegabréf ef þau eru í fylgd með foreldri, fósturforeldri eða öðrum nánum venlamanni og nöfn þeirra eru skráð í vegabréf hlutaðeigandi.

2. gr.

Ef sérstaklega stendur á getur útlendingaeftirlitið heimilað komu til landsins og för úr landi enda þótt hlutaðeigandi geti ekki gert grein fyrir sér með vegabréfi.

3. gr.

Brottför úr landi og koma til landsins er aðeins heimil um hafnir og flugvelli sem dómsmálaráðherra hefur ákveðið með auglýsingu nema sérstaklega standi á og útlendingaeftirlitið eða hlutaðeigandi lögreglustjóri leyfi.

II. Útgáfa vegabréfa.

4. gr.

Lögreglustjórar annast útgáfu vegabréfa til íslenskra ríkisborgara sem dvelja hér á landi og búsettir eru í umdæmi hlutaðeigandi lögreglustjóra. Gefa má þó út vegabréf í öðru umdæmi en hlutaðeigandi er búsettur í til sjómanna sem sanna að þeir eru lögskráðir á íslenskt skip, svo og að öðru leyti við sérstakar aðstæður.

Sendiráð og fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og sendiráðismenn annast útgáfu vegabréfa til íslenskra ríkisborgara sem dvelja erlendis. Utanríkisráðuneytið setur nánari reglur um þetta efni.